


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	LIM103 – Listir Menning	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun haust 2011	

Kennarar	Arna Valsdóttir - arna@vma.is	Sk.st.	AVA
	Guðmundur Ármann Sigurjónsson		GÁR


Áfangalýsing:

Nemendur kynna sér fagurfræðilegar og hugmyndalegar forsendur lista og hvernig þróun þeirra tengist breytingum samfélagsins. Þeir skoða ýmsa þætti listarinnar s.s. myndlist, handverk, bókmenntir, tónlist, leiklist, dans og umhverfishönnun, hvern í samhengi við annan og við félagslegt og heimspekilegt umhverfi. Þeir skoða hvernig trúarbrögð, tæknilegar nýjungar, þróun í vísindum og efnafræði og stjórnmál hafa áhrif á listina og hvernig listin hefur áhrif á ýmsa þætti samfélagsþróunarinnar. Nemendur kynnst því hvernig listin breytist í tímans rás og nýjar stefnur taka við hver af annarri í einni keðjuverkun. Áhersla er lögð á að nemendur geri sér grein fyrir því hvernig þróun og víxlverkun listgreina og samfélags móta þann nútíma sem við lifum í.

Markmið: að nemandinn

- geri sér grein fyrir því hvernig listir eru nátengdar félagslegum veruleika á hverjum stað á hverjum tíma
- greini sameiginlega þæði í ólíkum listgreinum á hverjum tíma
- geri sér grein fyrir margvíslegum tjáningarleiðum mannsins
- skoði og skilgreini sinn eigin menningarheim
- hafi unnið verkefnisvinnu þar sem hann reynir að skilja þær hugmyndir sem ligja að baki verkum ólíkra listamanna
- geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt

Kennsla: Fyrirlestrar, umræður, vettvangsheimsóknir, leitarnám, hópavinna og einstaklingsvinna. Á önninni fjalla fjórir gestafyrirlesarar um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum og skila nemendur verkefnum í tengslum við þá.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	LIM103 – Listir Menning Kennsluáætlun haust 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Námsgögn: Handbækur um listir og menningu, myndbönd, geisladiskar, glærur, internet. Nemendur þurfa að hafa glósu/skissubók í tímum og skriffæri.

Áætlun um yfirferð:

Nemendur mæta á 4 gestafyrirlestra á haustönn 2011

Dagsetningar og fyrirlesarar kynntir síðar.

Hver fyrirlestur stendur sem nemur einni kennslustund og fá nemendur frí í tíma á móti. Nemendur skila einstaklings eða hópverkefni eftir hvern fyrirlestur.

Skil: Nemendur vinna í glósu/skissubók, sem er skilað í lok annar. Nemendur vinna tímaverkefni í hópum sem þeir kynna í tímum oo þeir skila fjórum stærri verkefnum sem unnin eru út frá gestafyrirlestrunum.

Námsmat: Próflaus áfangi, símat. Gefið er fyrir ástundun, virkni í tímum, glósu/skissubók, einstaklings og hópaverkefni og flutning á tímaverkefnum.

Vægi námsþátta: Ástundun og virkni í tímum 10%

Verkefni út frá gestafyrirlestrum 4 x12,5% = 50%

Glósubók 30%

Tímaverkefni 10%

Mætingarskylda í áfanganum er 100%

Með fyrirvara um breytingar

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils